



Trúnaðarmannaráðsfundur Sameykis

10. desember 2024 kl. 13:15

Grettisgötu 89

Fundarritari: Rut Ragnarsdóttir

1. Setning fundar – Ingibjörg Sif formaður

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir formaður Sameykis setur fundinn og býður viðstadda í sal og á netinu velkomna. Hún kynnir sig sérstaklega fyrir þeim fundargestum sem ekki þekkja hana en hún tók við formennsku í félaginu í október síðastliðnum. Hún fór yfir málefni félagsins, kjarasamninga og samstarfið við BSRB. Trúnaðarmannaráðsfundunum hefur verið skipt upp í hópa eftir samningsaðilum (ríki, Reykjavíkurborg, sveitafélög, sjálfseignarstofnanir og þess háttar) í vetur og hefur það fyrirkomulag reynst vel og notaði hún tækifærið og þakkaði trúnaðarmönnum fyrir virka þátttöku í vetur. Formaður upplýsti einnig fundargesti um þóknun að upphæð 170.000 kr. sem allir trúnaðarmenn fá greitt í desember fyrir vel unnin störf á árinu.

2. Niðurstöður kjaratölfræðinefndar – Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur BSRB kynnir niðurstöður kjaratölfræðinefndar og ber erindið heitið „Niðurstöður kjaratölfræðinefndar og hvað er að fréttu?“ Kjaratölfræðinefnd er ætlað að stuðla að því að aðilar hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna um laun og efnahag sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Nefndin gefur venjulega út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Kaffihlé

3. Starfsfólk Sameykis kynnir starfið

Eftir kaffihlé komu nokkrir starfsmenn Sameykis í pontu til að kynna ýmsa starfsemi félagsins.

Ingólfur Björgvin Jónsson deildarstjóri kjaradeildar kynnti stuttlega stöðuna á verkefnum kjaradeildar og þeim kjarasamningum sem enn er unnið að.

Vilhjálmur Ólafsson rekstrarstjóri fasteigna orlofssjóðs kynnti fyrir fundargestum framvindu mála á orlofshússvæðinu á Úlfjótsvatni þar sem mikil endurnýjun er í gangi. Hann kynnti einnig nýjar eignir sem orlofssjóður fjárfesti í á árinu, íbúð í Reykjavík, parhús á Húsavík og raðhús á Egilsstöðum.

Gunnsteinn Ómarsson skrifstofustjóri Sameykis fór yfir það sem er á döfinni á skrifstofunni. Hann sagði frá því að á þingi BSRB í haust hafi hann verið kosinn í stjórn BSRB og að Ingibjörg Sif formaður hafi tekið sæti í formannaráði BSRB þegar hún tók við sem formaður. Nýr starfsmaður

hefur verið ráðinn á skrifstofuna en viðkomandi er situr nú þegar í stjórn Sameykis en býr yfir víðtækri þekkingu á málefnum kjaradeildar og því góð viðbót í starfsmannahópinn.

Gunnsteinn sagði fundarmönnum frá nýju verkefni sem stendur til að verði sett á laggirnar innan BSRB en það ungliðahreyfing sem fær nafnið BSRBung. Hugmyndin að þessu kviknaði hjá starfsmönnum Sameykis og er til þess fallin að virkja unga fólk í verkalýðsstarfinu. Sé þetta hugsað fyrir 35 ára og yngri og áhugasamir hafi samband við Dagnýju á skrifstofu BSRB.

Jakobína Þórðardóttir deildarstjóri félagsdeildar, kynnti verkefnið Stofnun ársins og bauð öllum trúnaðarmönnum á málþing í tengslum við hátíðina 13. febrúar á næsta ári. Fram kom hjá Jakobínu að þátttaka í könnuninni sé svipuð nú og í fyrra og sé það ánægjulegt.

Að loknum erindum starfsmanna hlýddu fundargestir á tónlistaratriði frá Rebekku Blöndal

4. Önnur mál

Garðar Svansson kom í pontu og vildi fá að þakka fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf og vildi líka vara við því að ráða stjórnarmann í starf á skrifstofunni og að það gætu komið upp hagsmunaárekstrar og kallaði hann eftir lögfræðilíti um málið.

Pétur Karlsson vildi þakka fyrir góðan fund en sagði frá hægum og erfiðum gangi kjarasamningsmála hjá Strætó en þar væri og að viðræðurnar gengju mjög erfiðlega sem reyndi mikið á starfsmenn og samninganefndina.

Fundi slitið 15:14